

# Skimunarlisti fyrir raunfærnimat í leikskólakennarafræði

## Námskeið kennd á haustmisseri

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Leikskólakennarar þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati eru að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 25 ára lífaldur og 3 ára starfsreynslu í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Hæfniviðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér fyrir ofan notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

Nafn				
Lífaldur	Starfsaldur í grein / ár			
Yngstu börnin í leikskólanum	1	2	3	4
Ég get útskýrt hvað ber að leggja áherslu á við upphaf leikskólagöngu barna (aðlögun).				
Ég get sagt frá því hvernig umhyggja, samskipti og nám barna er samvinnuð í daglegu starfi.				
Ég get greint hvernig yngstu börnin í leikskólanum tjá sig, skapa og eiga í samskiptum við önnur börn og fullorðna.				
Ég get skipulagt leikskólastarf með yngstu börnunum í leikskólanum í samræmi við aldur þeirra og þroska.				
Ég þekki þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar leikskólastarfi með yngstu börnunum.				
<b>Annað sem þú vilt bæta við:</b>				

Skapandi hugsun og heimspekileg samræða	1	2	3	4
Ég get útskýrt grunnatriði skapandi og gagnrýnnar hugsunar, ólík samræðuform og megin Einkenni rökræðu.				
Ég þekki markmið og tilgang þess að stunda heimspekilega samræðu með börnum.				
Ég þekki hlutverk kennarans í samræðu með börnum og muninn á hvetjandi og letjandi fullorðnum.				
Ég er fær um að stýra samræðu í hópi ungra barna þar sem sjónarmið eru ólík.				
Ég hef reynslu af því að beita samræðu sem aðferð í skapandi og leitandi starfi með börnum.				
<b>Annað sem þú vilt bæta við:</b>				

Á mótum leik- og grunnskóla	1	2	3	4
Ég get útskýrt þær félagslegu og námslegu breytingar sem verða í lífi barna við flutning á milli skólastiga.				
Ég þekki helstu áherslur í aðalnámskrám leik- og grunnskóla um tengsl skólastiga.				
Ég get byggt skólastarf á mótum skólastiga á mismunandi sýn og þörfum barna, foreldra og kennara.				
Ég get nýtt leik sem námsleið á mótum skólastiga.				
<b>Annað sem þú vilt bæta við:</b>				